

Dags eftirlits	13.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kjartan Guðmundsson
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Kjartan Guðmundsson
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Ingi Rafnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var sett fram varðandi skil næsta árs.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi fyrir Steinull hf á Sauðárkróki. Steinull er heimilt að framleiða allt að 2500 kg/klst af steinull og steinullarvörum. Rekstraraðila er einnig heimil þurrkun á sandi til sölu til þriðja aðila, auk jarðgerðar fyrir allt að 1000 tonnum á ári af moltu.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frá síðasta eftirliti
- Áhættumat
- Skil samkvæmt starfsleyfi
- Umhverfisupplýsingar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni, skipulag og skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á fylgigögnum

1. Staða frá síðasta eftirliti

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Engin frávik eru opin úr fyrri eftirlitum. Steinull fékk nýtt starfsleyfi í apríl 2025.

2. Áhættumat

Áhættumat fyrir árið 2025 var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Skil samkvæmt starfsleyfi

Farið var yfir skil samkvæmt starfsleyfi. Skil fyrir árið 2024 miðast við eldra starfsleyfi sem féll úr gildi 1. maí 2024.

Ein ábending var sett fram vegna krafna um skil samkvæmt nýju starfsleyfi sem tók gildi 10. apríl 2025. Í nýja starfsleyfinu eru gerðar auknar kröfur um skil. Samkvæmt gr. 3.1 er gerð krafa um að rekstraraðili skili upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar um hvaða valkostir fyrir bestu aðgengilegu tækni (BAT) eru nýttir í framleiðslunni, með vísan til BAT-niðurstaðna greinar, eigi síðar en sex mánuðum eftir útgáfu starfsleyfisins. Rekstraraðili hefur þegar orðið við þessari kröfu og skilað gögnum um bestu aðgengilegu tækni (BAT).

Hávaðamæling var framkvæmd af verkfræðistofunni COWI í desember 2024, áður en nýtt starfsleyfi var gefið út. Í hinu nýja starfsleyfi er rekstraraðila gert að tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Í gr. 4.2 í starfsleyfinu er jafnframt kveðið á um að rekstraraðili skuli framkvæma hávaðamælingu einu sinni á starfsleyfistímanum (2025–2041).

Í umsögn COWI frá desember 2024 kemur fram að hljóðstig frá verksmiðjunni sé, miðað við mæld gildi, undir skilgreindum mörkum reglugerðar nr. 724/2008 í íbúðabyggð fyrir öll tímabil sólarhringsins. Þar segir jafnframt að ekki sé ástæða til að ætla að íbúar verði fyrir ónæði vegna hávaða frá verksmiðjunni. Umhverfis- og orkustofnun lítur þó ekki svo á að mælingin frá desember 2024 komi í stað þeirrar mælingar sem gera skal á gildistíma starfsleyfisins, þrátt fyrir jákvæð niðurstöður. Rekstraraðila er því gert að framkvæma aðra hljóðmælingu á næstu 16 árum.

4. Umhverfisupplýsingar

Farið var yfir mælingar og skráningar. Ekki var tilefni til athugasemda.

5. Áætlanir og viðbrögð

Rekstraraðili er með gilda ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar.

1

6. Umgengni, skipulag og skoðunarferð

Farið var í skoðunarferð um svæðið. Svæðið var snyrtilegt að mestu og vel skipulagt. Bakvið verksmiðjuna er að finna afgangsstæður af ónýtum víðar pallettum sem mætti huga betur að.

7. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna

Farið var yfir geymslu hættulegra efna og safnþró skoðuð. Árekstravarnir voru til staðar utandyra við ammoníak tanka. Ekki var ástæða til athugasemda.

8. Kynning á fylgigögnum

Rekstraraðili fékk kynningu á áhættumati 2025 vegna ákvörðunar á tíðni eftirlits, breyttri gjaldskrá Umhverfis- og orkustofnunar og breytingu á fyrirkomulagi eftirlita stofnunarinnar.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var sett fram vegna kröfu um skil undir nýju starfsleyfis sem tók gildi 10. apríl 2025. Í nýju starfsleyfi eru auknar kröfur vegna skila.

Þessar kröfur eru:

Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að mælingar skuli gera árlega vegna krafa í gr. 3.8 og 3.9.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að rekstraraðili skuli framkvæma hávaðamælingu einu sinni á starfsleyfatímabilinu.

Í gr. 4.2 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega

Reykjavík, 27.08.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson